

Lágtekjumörk og tekjudreifing 2013

Risk of poverty and income distribution 2013

Samantekt

Tekjudreifing árið 2013 breyttist lítið frá fyrra ári. Dreifingin var svipuð og árið 2004 þegar mælingar hófust en síðan þá dró úr jöfnuði fram til ársins 2009. Eftir það jókst jöfnuður á ný en hefur lítið breyst frá árinu 2011. Kaupmáttur jókst lítillega milli áranna 2012 og 2013 og var hlutfallsleg aukning svipuð í öllum tekjufimmtungum.

Þegar hópar sem voru fyrir neðan lágtekjumörk eru skoðaðir kemur í ljós að karlar sem búa einir voru mun líklegri til að vera fyrir neðan mörkin en konur sem búa einar. Meðal fjölskyldugerða voru einstæðir foreldrar þó líklegasti hópurinn til að vera fyrir neðan lágtekjumörk. Leigjendur voru mun frekar fyrir neðan lágtekjumörk en húseigendur. Staða á vinnumarkaði hefur jafnframt mikil áhrif á það hvort fólk sé fyrir neðan lágtekjumörk.

Inngangur

Lífskjararannsókn Hagstofunnar
er hluti af samræmdri rannsókn
ESB, EU-SILC

Lífskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópu-sambandsins (EU-SILC). Meginmarkmið rannsóknarinnar er að greina lágtekjuhópa og þá sem er hætt við félagslegri einangrun. Í rannsókninni er bæði aflað upplýsinga um einstaklinga og heimili og miðað við ráðstöfunartekjur heimila þegar efnahagsleg staða þeirra er metin.

Við skipulagningu lífskjararannsóknarinnar var reynt að nýta sem best kosti úrtakskannana og upplýsinga úr stjórnsýsluskrám. Upplýsingar um tekjur eru úr skattskrár sem gefa áreiðanlegri mynd af tekjum en úrtakskannanir. Aðrar upplýsingar um heimilismenn eru fengnar með símaviðtali sem gefur betri mynd af þeim sem búa á heimilum en opinberar skrár geta gert.

Í þessu hefti er fjallað um rannsóknir árin 2004 til 2013 en upplýsingar um tekjur koma úr skattskrár ársins á undan. Í skýringum aftast í heftinu má sjá lýsingu á aðferðum og hugtökum og eru skýringarnar í númeraröð sem verður vísað í eftir því sem við á.


Helstu niðurstöður

Ráðstöfunartekjur í tekjuhæsta fimmtungi voru 3,3 sinnum hærri en í þeim tekjulægsta

Fimmtungastuðullinn gefur til kynna að ráðstöfunartekjur (skýring 1) í tekjuhæsta fimmtungnum í lífsskjararannsókninni 2013 hafi verið 3,3 sinnum hærri á neyslueiningu (skýring 3) en hjá þeim sem voru í tekjulægsta fimmtungnum. Árin 2011-2013 mældist fimmtungastuðullinn 3,3 og hefur ekki mælst lægri. Hæst fór hann árið 2009 en þá hafði tekjuhæsti fimmtungurinn 4,2 sinnum hærri ráðstöfunartekjur en sá tekjulægsti.

Mynd 1. Gini-stuðullinn og fimmtungastuðullinn

Figure 1. The Gini index and the income quintile share ratio




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2013: Gini-stuðullinn $\pm 1,1$ og fimmtungastuðullinn $\pm 0,1$. Í samræmi við vinnubrögð Eurostat, hagstofu ESB, miða ártölín í töflunni við það ár sem lífsskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur koma úr skattskrár ársins á undan. CI (95%) 2013: The Gini index ± 1.1 and the quintile share ratio ± 0.1 . According to Eurostat procedures the years of the table refer to the survey year, the year the survey was implemented. The income reference period is the previous tax year.

Gini-stuðullinn var 24 árið 2013 en fór hæst í 29,6 árið 2009

Gini-stuðullinn á Íslandi var 24 árið 2013 og hefur lítið breyst undanfarin þrjú ár. Stuðullinn fór hækkandi á árabílinu 2004 til 2009 en lækkaði árin 2010 og 2011. Af mynd 1 má sjá að fimmtungastuðullinn og Gini-stuðullinn hafa fylgt sama ferlinu frá því mælingar hófust. Gini-stuðullinn sýnir hvernig heildartekjur samfélagsins dreifast meðal landsmanna og væri 100 ef allar tekjur tilheyrðu sama einstaklingi en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur.

Mynd 2. Meðalráðstöfunartekjur í tekjufimmtungum á verðlagi ársins 2012 miðað við vísitölu neysluverðs

Figure 2. Real disposable income for income quintiles in 2012 year's prices, CPI



Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2013: Hæsti fimmtungur ± 19 , mið-fimmtungur ± 1 og lægsti fimmtungur ± 4 . See figure 1. CI (95%) 2013: The highest quintile ± 19 , the third quintile ± 1 and the lowest quintile ± 4 .

Kaupmáttur jókst hlutfallslega jafnt milli ára í öllum tekjufimmtungum

Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu á föstu verðlagi (skýring 9) miðað við vísitölu neysluverðs sýna að kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst milli árunna 2012 og 2013. Hlutfallsleg aukning milli ára var svipuð í öllum tekjufimmtungum. Kaupmáttur árið 2013 var svipaður og árið 2004 og á það við um alla tekjuhópana.


Lágtekjumörk og félagsleg einangrun

13,7% Íslendinga voru undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun

Á árinu 2013 voru rúmlega 42 þúsund eða 13,7% landsmanna undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun (e. *at risk of poverty or social exclusion*). Stuðullinn hefur ekki mælst hærri en hann var einnig 13,7% árið 2010. Lægst fór hann í 11,6 árið 2009.

Mynd 3. Hlutfall einstaklinga undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun

Figure 3. Proportion of individuals who are at risk of poverty or social exclusion



Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2013: Fyrir neðan lágtekjumörk eða í félagslegri einangrun ± 1.4 , undir lágtekjumörkum ± 1.2 , með lágt vinnuhlutfall ± 1.1 og með verulegan skort á efnislegum gæðum ± 0.6 . See figure 1. CI (95%) 2013: At risk of poverty or social exclusion ± 1.4 , at risk of poverty ± 1.2 , low work intensity ± 1.1 and severe material deprivation ± 0.6 .

Eitt af fimm lykilmarkmiðum 2020 áætlunar ESB (skýring 10) er að fækka þeim sem eru undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun. Þeir sem falla í þennan hóp eru einstaklingar sem eru undir lágtekjumörkum, búa við verulegan skort á efnislegum gæðum eða búa á heimilum þar sem vinnuþátttaka er mjög lítil.

Lágtekjumörk voru 170.600 kr. fyrir einstakling sem bjó einn og 358.400 fyrir tvo fullorðna með tvö börn

Lágtekjumörk (skýring 4) voru 170.600 krónur á mánuði fyrir heimili þar sem einn einstaklingur bjó eða 60% af miðgildi (skýring 5) ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Þeir sem bjuggu einir og höfðu lægri ráðstöfunartekjur en 170.600 krónur á mánuði voru því fyrir neðan lágtekjumörk. Samsvarandi fjárhæð fyrir heimili þar sem bjuggu tveir fullorðnir og tvö börn yngri en 14 ára var 358.400 krónur á mánuði.

Tafla 1. Lágtekjumörk, tvö dæmi

Table 1. At-risk-of-poverty threshold (illustrative values)

Krónur á mánuði ISK per month							Vikmörk CI
	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2013
Einn á heimili One person household	141.100	160.800	158.200	153.600	156.300	170.600	± 3.100
Tveir fullorðnir og tvö börn Two adults and two children	296.300	337.700	332.100	322.500	328.200	358.400	± 6.500

Skýringar Notes: Í samræmi við vinnubrögð Eurostat, hagstofu ESB, miða ártölin í töflunni við könnunarár, það ár sem lífskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur koma úr skattskrár ársins á undan. According to Eurostat procedures the years of the table refer to the survey year, i.e. the year the survey was implemented. The income reference period is the previous tax year.

9,3% voru undir lágtekjumörkum

Árið 2013 var lágtekjuhlutfallið (skýring 4) á Íslandi 9,3%. Lágtekjuhlutfallið hefur lengst af verið stöðugt, 9 til 10% en fór niður í tæp 8% árið 2012. Lágtekjuhlutfall er hlutfall þeirra sem eru með lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi eða 170.600 árið 2013.

7,1% bjuggu á heimilum með lágt vinnuhlutfall

Árið 2013 bjuggu rúm 7% landsmanna á heimilum þar sem vinnuhlutfall var lágt (skýring 11). Þeir sem búa við mjög lágt vinnuhlutfall skilgreinast þannig að þeir eru yngri en 60 ára og búa á heimilum þar sem heimilismenn á vinnualdri (18 til 59 ára) unnu minna en 20% af því sem þeir gætu unnið ef þeir væru allir í vinnu allt árið.

Tæp 2% landsmanna bjuggu við verulegan skort á efnislegum gæðum

Árið 2013 bjuggu tæp 2% landsmanna við verulegan skort á efnislegum gæðum. Þeir sem teljast búa við verulegan skort á efnislegum gæðum hafa búið við eitthvað af eftirfarandi; lent í vanskilum með lán, ekki haft efni á fríi með fjölskyldunni, ekki haft efni á kjöt-, fisk- eða grænmetismáltíð annan hvern dag, hafa ekki getað mætt óvæntum útgjöldum, ekki haft efni á heimasíma eða farsíma, sjónvarpstæki, þvottavél, bíl eða nægjanlegri húshitun (skýring 12).


Greining lágtekjuhlutfalls

Karlar sem búa einir án barna eru líklegri en konur í sömu stöðu til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk

Þegar ólíkar heimilisgerðir eru skoðaðar kemur í ljós að einstæðir foreldrar eru líklegastir til að vera fyrir neðan lágtekjumörk, 27,1%. Karlar sem búa einir eru næst líklegastir til að vera fyrir neðan lágtekjumörk, 23,1%. Athygli vekur að staða kvenna sem búa einar án barna er allt önnur því aðeins 9% þeirra voru fyrir neðan lágtekjumörk. Á mynd 4 má sjá að hlutfall einstæðra kvenna fyrir neðan lágtekjumörk hefur lækkað mikið síðan árið 2009. Einstæðar konur lækkuðu minna í tekjum en ýmsir aðrir hópar eftir efnahagsþrengingar ársins 2008. Ein skýring á því er að atvinnuleysi jókst meira hjá körlum en konum eftir árið 2008. Einnig má benda á að nokkur hluti karla sem búa einir eru meðlagsgreiðendur en aðeins örfáar konur sem búa einar greiða meðlag.

Mynd 4. Lágtekjuhlutfall eftir heimilum þar sem einn fullorðinn býr

Figure 4. At-risk-of-poverty rate by households with a single adult




Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2013: Ein kona $\pm 3,8$, einn karl $\pm 5,8$ og einstætt foreldri $\pm 7,5$. See figure 1. CI (95%) 2013: One female ± 3.8 , one male ± 5.8 and single parent ± 7.5 .

Tiltölulega hátt hlutfall leigjenda var undir lágtekjumörkum

Leigjendur voru í mun meiri hættu en húseigendur á að vera fyrir neðan lágtekjumörk en 22,4% þeirra voru undir lágtekjumörkum í lífsskjarannsókninni 2013 en aðeins 5,8% húseigenda.

Mynd 5. Lágtekjuhlutfall hjá húseigendum og leigjendum

Mynd 5. *At-risk-of-poverty rate by accommodation tenure status*




Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2013: Eigandi $\pm 1,1$ og leigjandi $\pm 3,8$. See figure 1. CI (95%) 2013: Owner ± 1.1 and tenant ± 3.8 .

Atvinnulausir voru líklegastir til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk

Þegar litið er til stöðu á vinnumarkaði voru atvinnulausir í mestri hættu á að vera fyrir neðan lágtekjumörk eða 29,6% en þeir sem voru hættir störfum voru í minnstri hættu á að vera fyrir neðan mörkin eða 3,4%. Meðal starfandi fólks var lágtekjuhlutfallið 6,1% árið 2013.

Mynd 6. Lágtekjuhlutfall eftir stöðu á vinnumarkaði

Figure 6. *At-risk-of-poverty rate by most frequent activity status*



Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2013: Vinnandi $\pm 1,0$, atvinnulaus $\pm 7,4$, hættur störfum $\pm 1,9$ og aðrir utan vinnumarkaðar $\pm 3,2$. See figure 1. CI (95%) 2013: Working ± 1.0 , unemployed ± 7.4 , retired ± 1.9 and others without work ± 3.2 .

Konur á aldrinum 18–24 voru helst fyrir neðan lágtekjumörk

Þegar litið er til kyns og aldurs voru konur 18-24 ára sá hópur sem hafði mesta tilhneigingu til að vera fyrir neðan lágtekjumörk árið 2013 eða 17,8%. Þessi hópur hefur í gegnum tíðina verið í meiri hættu en aðrir. Hlutfall þeirra sem var undir lágtekjumörkum var lægst hjá konum 50 til 64 ára eða 2,4%.

Tafla 2. Lágtekjuhlutfall eftir aldri og kyni
Table 2. At-risk-of-poverty rate by age and gender

							2013	
	Hlutfall Rate						Vik- mörk	Áætlaður fjöldi Esti- mated number
	2008	2009	2010	2011	2012	2013	CI	
Allur aldur All ages								
Alls Total	10,1	10,2	9,8	9,2	7,9	9,3	±1,2	28.400
Karlar Males	9,5	9,3	9,8	9,0	8,4	9,6	±1,4	14.700
Konur Females	10,7	11,1	9,8	9,5	7,5	8,9	±1,4	13.700
0–17 ára years								
Alls Total	11,2	9,9	12,6	11,2	10,0	12,2	±2,3	9.600
Karlar Males	10,5	9,3	12,4	10,6	9,7	12,6	±2,8	5.000
Konur Females	11,9	10,5	12,8	11,9	10,4	11,8	±2,8	4.600
18–24 ára years								
Alls Total	12,5	15,7	16,3	14,2	10,9	15,3	±3,3	4.700
Karlar Males	12,4	11,1	13,3	12,8	9,5	13,0	±4,0	2.100
Konur Females	12,6	20,6	19,4	15,7	12,4	17,8	±4,5	2.600
25–49 ára years								
Alls Total	9,0	9,7	10,0	10,1	8,6	10,2	±1,7	10.300
Karlar Males	9,6	10,3	10,8	9,6	9,5	10,5	±2,1	5.300
Konur Females	8,5	9,0	9,2	10,6	7,6	9,8	±1,9	5.000
50–64 ára years								
Alls Total	5,7	6,6	4,9	5,2	4,5	4,0	±1,3	2.300
Karlar Males	5,9	7,9	6,5	7,1	6,3	5,7	±2,0	1.600
Konur Females	5,6	5,3	3,3	3,3	2,7	2,4	±1,1	700
65 og eldri and over								
Alls Total	15,0	12,4	4,9	4,3	4,5	4,0	±1,6	1.500
Karlar Males	9,5	6,1	3,0	3,0	4,6	3,9	±2,2	700
Konur Females	19,7	17,9	6,6	5,5	4,5	4,0	±2,1	800
0–64 ára years								
Alls Total	9,4	9,9	10,5	9,9	8,4	10,0	±1,3	26.900
Karlar Males	9,5	9,6	10,7	9,8	8,9	10,4	±1,5	14.000
Konur Females	9,4	10,1	10,2	10,0	7,9	9,7	±1,5	12.900
18–64 ára years								
Alls Total	8,7	9,9	9,6	9,3	7,7	9,2	±1,2	17.300
Karlar Males	9,0	9,8	10,0	9,4	8,6	9,5	±1,5	9.000
Konur Females	8,4	9,9	9,1	9,3	6,9	8,8	±1,4	8.300
18 og eldri and over								
Alls Total	9,7	10,2	8,8	8,5	7,2	8,3	±1,0	18.800
Karlar Males	9,1	9,3	8,9	8,4	7,9	8,6	±1,3	9.700
Konur Females	10,2	11,3	8,7	8,6	6,5	7,9	±1,2	9.100

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

Úrtak

Svarhlutfall var 73% og svör fengust frá 8.913 einstaklingum á 3.020 heimilum árið 2013

Úrtak lífsháttisráðgjafarannsóknarinnar 2013 var 4.407 heimili. Eftir að þeir sem voru látnir og búsettir erlendis hafa verið dregnir frá var nettó úrtakið 4.126 heimili. Svör fengust frá 3.020 þessarra heimila sem er 73% svarhlutfall. Á þessum heimilum fengust upplýsingar um 8.913 einstaklinga. Lífsháttisráðgjafarannsóknin var framkvæmd 11. febrúar til 2. maí árið 2013.

Skýringar og hugtök

1. *Ráðstöfunartekjur* *Ráðstöfunartekjur* (e. *disposable income*) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum (skýring 2). Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.
2. *Félagslegar greiðslur* Undir félagslegar greiðslur (e. *social transfers*) falla ellilífeyrir, eftirlífendabætur, atvinnuleysisbætur, veikindagreiðslur, örorkulífeyrir, barnabætur, fæðingarstyrkur, feðra- og mæðralaun Tryggingastofnunar ríkisins, húsaleigubætur, vaxtabætur og styrkir, svo og bætur frá sveitarfélögum.
3. *Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu* *Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu* (e. *equivalised disposable income*) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Til að taka mið af þessu er notaður kvarði frá Evrópusambandinu sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingnum á heimilinu vogina 1,0. Aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig má segja að hjón með tvö börn, yngri en 14 ára, sem hafa 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði hafi $(500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3)) = 500 / 2,1 = 238$ þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.
4. *Lágtekjuhlutfall og lágtekjumörk* *Lágtekjuhlutfall* (e. *at-risk-of-poverty rate*) er það hlutfall (%) einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (skýring 3) en lágtekjumörk. *Lágtekjumörk* í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu á Íslandi.
5. *Miðgildi* *Miðgildi* (e. *median*) er sú tala sem er í miðjunni þegar öllum einstaklingunum í talnasafni er raðað frá þeim lægsta til þess hæsta. Tilgangurinn er að gefa mynd af meðalmanninum. Miðgildið er oft notað frekar en meðaltalið þegar unnið er með tekjur fólks því einstaklingar sem hafa mjög háar tekjur geta haft mikil áhrif á meðaltalið.
6. *Lágtekjuhlutfall greint eftir ákveðnum breytum* *Lágtekjuhlutfall* er greint eftir kyni, aldri, stöðu á vinnumarkaði, heimilisgerð og fleiri breytum. Stuðlarnir eru reiknaðir sem hlutfall (%) í hverjum flokki sem hefur ráðstöfunartekjur á neyslueiningu fyrir neðan lágtekjumörkin deilt með heildarfjölda í sama flokki. Ávallt er miðað við sömu lágtekjumörkin, þ.e. þau sem reiknuð eru af heildarfjöldanum.

7. *Fimmtungastuðull, S80/S20* Fimmtungastuðull (e. *income quintile share ratio*) mælir hlutfallið milli heildarsummu þeirra ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem 20% tekjuhæstu einstaklingarnir fá og sambærilegra tekna þeirra 20% tekjulægstu.
8. *Gini-stuðullinn* Gini-stuðullinn (e. *Gini-index*) mælir í einni tölu milli 0 og 100 hvernig samantlagðar ráðstöfunartekjur á neyslueiningu allra einstaklinga í landinu dreifast. Hann væri 100 ef sami einstaklingur hefði allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur.
9. *Tekjur á föstu verðlagi* Fjárhæðirnar í mynd 2 eru reiknaðar miðað við meðaltal neysluvísitölunnar fyrir árið 2012 vegna þess að nýjustu tekjuupplýsingarnar eru frá þeim tíma. Fjárhæðir í mynd 2 eru því allar á föstu verðlagi ársins 2012.
10. *Markmið Evrópusambandsins fyrir árið 2020* Evrópusambandið hefur sett sér fimm mælanleg lykilmarkmið til að stefna að fyrir árið 2020. Markmiðin eru eftirfarandi:
1. 75% fólks á aldrinum 20–64 ára á að vera í vinnu
 2. 3% þjóðarframleiðslu skal fjárfesta í rannsóknum og þróun
 3. (A) Magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu skal vera 20% minna en það mældist árið 1990. (B) Endurvinnanlegir orkugjafar skulu vera að minnsta kosti 20% allrar orku sem notuð er og (C) orkunotkun sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu á að dragast saman um 20%
 4. (A) Hlutfall brottfalls úr grunnskóla á að vera lægra en 10% og (B) að minnsta kosti 40% fólks á aldrinum 30–34 ára á að vera með háskólamenntun
 5. Draga skal úr fátækt með því að fækka um 20 milljónir þeim sem eru undir lágtekjumörkum eða eru í hættu á félagslegri einangrun
11. *Vinnuhlutfall á heimili* Vinnuhlutfall á heimili er fjöldi mánaða sem allir heimilismenn á aldrinum 18–59 ára unnu á árinu deilt með fjölda mánaða sem þessir sömu heimilismenn gætu unnið ef þeir væru í vinnu allt árið. Heimili þar sem eingöngu er fólk yngra en 18 ára, námsmenn yngri en 25 ára eða eingöngu með fólki 60 ára eða eldra er sleppt úr útreikningunum á vinnuhlutfalli heimilis. Heimili þar sem vinnuhlutfallið er lægra en 20% teljast hafa lágt vinnuhlutfall samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins.
12. *Verulegur skortur á efnislegum gæðum* Þeir sem teljast búa við verulegan skort á efnislegum gæðum skilgreinast af því að hafa svarað fjórum af eftirfarandi níu spurningum játandi:
1. Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum
 2. Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni
 3. Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag
 4. Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum (sem voru að upphæð 150 þúsund árið 2013)
 5. Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma
 6. Hefur ekki efni á sjónvarpstæki
 7. Hefur ekki efni á þvottavél
 8. Hefur ekki efni á bíl
 9. Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlega heitu

13. *Börn og fullorðnir á heimili* Til barna á heimili (e. *dependent children*) heyra allir þeir sem eru undir 18 ára aldri og þeir sem eru 18–24 ára, eru án vinnu og búa hjá að minnsta kosti öðru foreldri. Fullorðnir teljast þeir sem ekki falla undir skilgreininguna um börn.
14. *Vikmörk* Lífskjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna eru reiknuð vikmörk (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Vikmörkin ná jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og eru lögð við töluna og dregin frá henni. Ef metin lágtekjumörk eru 10% og vikmörkin $\pm 1,2$ eru neðri mörkin 8,8 og efri mörkin 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk og því má fullyrða að í 95% tilvika lendi niðurstaðan innan þeirra vikmarka sem gefin eru. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort vikmörk beggja talna skarist.
15. *Hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa* Hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa telst ekki til ráðstöfunartekna (eða tekjuskeringar) heimila eins og þær eru skilgreindar af Evrópusambandinu. Hlutabréf gætu til dæmis hafa verið keypt fyrir 20 árum en verið seld með miklum hagnaði á því ári sem könnunin nær til og skilað sér í hárrí upphæð inn á bankareikning viðkomandi. Eignin hefur myndast yfir 20 ára tímabil og gæti þess vegna hafa rýrnað á því ári sem könnunin mælir. Að sama skapi gæti fólk losað mikið fé með því að selja fasteign og hagnaður af slíkri sölu gæti verið umtalsverður ef tekið er mið af þróun undanfarinna ára á fasteignamarkaði. Slíkur gjörningur hefur þó ekki áhrif á ráðstöfunartekjur heimila eins og þær eru skilgreindar af Evrópusambandinu. Bent hefur verið á að um getur verið að ræða mjög háar upphæðir sem gætu haft mikil áhrif á bæði Gini-stuðulinn og fimmtungastuðulinn. Hins vegar er mikilvægt að halda samræmi við önnur lönd svo að gögnin verði samanburðarhæf.
16. *Könnunarár og tekjuár* Upplýsingum fyrir lífskjararannsóknina er aflað á tvennan hátt, með könnun og með tengingum við skattskrá. Í samræmi við vinnubrögð hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, miðast ártal í myndum og töflum við könnunarár sem er það ár sem lífskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur eru úr skattskrá ársins á undan.

English summary

Income distribution and risk of poverty indicators are calculated from the European survey of income and living conditions (EU-SILC).

There were little or no changes in the distribution of income in Iceland between 2012 and 2013. This can be seen from the quintile share ratio which compares the lowest income quintile and the highest one. The quintile share ratio was 3.3 in 2013 which is the same value as in the two previous years. The income distribution was similar to what it was in 2004 when the quintile share ratio was 3.4. From that point on, the distribution became less equal until the year 2009 when the quintile share ratio peaked at 4.2. After that the distribution has become more equal and has remained more or less the same since 2011. Purchasing power increased slightly between 2012 and 2013 and proportional increase was similar in all quintiles.

When the groups below the poverty threshold are studied more closely it can be seen that men who live alone are more likely to be at risk of poverty than women who live alone. Single parents are still the most likely to be at risk of poverty. Tenants are more likely to be at risk of poverty than home owners. Those who work are also less likely to be at risk of poverty than those who are not working.

Tafla 3. Gini-stuðull, fimmtungastuðull og hlutfall einstaklinga undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun

Tafla 3. The Gini index, quantile share ratio and the proportion of individuals who are at-risk-of-poverty or social exclusion

Hlutfall <i>Proportion</i>										Vik- mörk <i>CI</i> 2013
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	
Gini stuðull <i>The Gini index</i>	25,1	26,3	28,0	27,3	29,6	25,8	23,6	24,0	24,0	±1,1
Fimmtungastuðull <i>Income quintile share ratio</i>	3,5	3,7	3,9	3,8	4,2	3,6	3,3	3,3	3,3	±0,1
Undir lágtekjumörkum eða í félagslegri einangrun <i>At-risk-of-poverty or social exclusion</i>	13,3	12,5	13,0	11,8	11,6	13,7	13,6	13,0	13,7	±1,4
Undir lágtekjumörkum <i>At risk of povert</i>	9,7	9,6	10,1	10,1	10,2	9,8	9,2	7,9	9,3	±1,2
Með mjög lágt vinnuhlutfall <i>Very low work intensity</i>	3,1	2,7	2,3	2,7	2,5	5,7	6,0	6,6	7,1	±1,1
Verulegur skortur á efnislegum gæðum <i>Severe material depriveison</i>	2,7	2,1	2,1	0,8	0,8	1,8	2,0	2,3	1,9	±0,6

Tafla 4. Meðalráðstöfunartekjur í tekjufimmtungum á verðlagi ársins 2012 miðað við vísitölu neysluverðs

Tafla 4. Real disposable income for income quintiles in 2012 year's prices, CPI

Púsundir króna á mánuði <i>Thousand ISK per month</i>										Vik- mörk <i>CI</i> 2013
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	
Lægsti fimmtungur <i>Lowest quintile</i>	163	167	181	193	192	171	157	156	160	±4
Mið-fimmtungur <i>Third quintile</i>	291	302	322	343	345	303	281	275	285	±1
Hæsti fimmtungur <i>Highest quintile</i>	572	622	713	738	808	617	519	520	536	±19

Tafla 5. Lágtekjuhlutfall einstaklinga eftir heimilisgerð*Table 5. At-risk-of-poverty rate of persons by household type*

										2013	
										Áætl.	fjöldi
	Hlutfall <i>Rate</i>									Vik- mörk <i>CI</i>	<i>Esti- mated no.</i>
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013		
Heimili án barna											
<i>Households without dependent children</i>	11,2	8,9	10,9	11,6	13,2	9,6	9,1	7,8	8,3	± 1,4	10.000
Einn á heimili, undir 65											
<i>One person household, under 65 years</i>	23,6	12,6	17,7	20,4	25,9	23,2	25,2	17,2	21,8	± 5,2	4.800
Einn á heimili, 65 og eldri											
<i>One person household, 65 years and over</i>	22,6	27,6	43,0	35,8	31,0	12,7	7,7	7,9	7,6	± 3,7	1.100
Ein á heimili, kona											
<i>One person household, female</i>	22,5	19,5	31,3	28,6	33,2	16,1	16,0	9,0	9,0	± 3,8	1.600
Einn á heimili, karl											
<i>One person household, male</i>	24,1	15,6	21,5	22,4	22,4	23,2	22,5	18,6	23,1	± 5,8	4.200
Tveir fullorðnir undir 65, engin börn											
<i>Two adults under 65 years, no children</i>	9,7	6,8	7,0	6,8	9,5	6,8	5,8	7,1	8,7	± 2,6	3.500
Tveir fullorðnir, a.m.k. annar yfir 65, engin börn											
<i>Two adults, at least one 65+ years, no children</i>	2,3	3,6	2,3	5,0	2,7	1,1	2,7	2,9	1,3	± 1,1	300
Önnur barnlaus heimili											
<i>Other no dependent children</i>	3,0	4,6	2,2	3,7	4,1	3,4	2,7	2,7	1,7	± 1,6	300
Heimili með börn											
<i>Households with dependent children</i>	8,9	10,0	9,6	9,1	8,3	10,0	9,3	8,0	10,0	± 1,8	18.400
Einstætt foreldri með barn eða börn											
<i>Single parent, one or more dependent child</i>	14,7	27,0	23,3	28,0	22,8	30,1	28,4	24,5	27,1	± 7,5	6.400
Tveir fullorðnir með 1 barn											
<i>Two adults, 1 dependent child</i>	7,6	9,7	6,3	6,0	5,8	5,8	6,8	4,9	8,0	± 3,4	2.500
Tveir fullorðnir með 2 börn											
<i>Two adults, 2 dependent children</i>	8,3	6,1	7,3	3,8	4,2	5,8	6,9	5,6	5,5	± 2,3	3.100
Tveir fullorðnir með 3 börn eða fleiri											
<i>Two adults, 3 or more dependent children</i>	10,9	10,2	12,1	12,9	10,3	12,0	8,0	6,5	11,5	± 4,1	5.100
Önnur heimili með börn											
<i>Other households with dependent children</i>	5,2	5,3	5,5	4,2	5,8	0,4	1,8	2,6	4,5	± 2,6	1.300

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.**Tafla 6. Lágtekjuhlutfall eftir eigin húsnæði og leiguhúsnæði***Table 6. At-risk-of-poverty rate by accommodation tenure status*

										2013	
										Áætlaður fjöldi	
Hlutfall <i>Rate</i>										Vik- mörk	<i>Esti- mated</i>
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	<i>CI</i>	<i>number</i>
Alls <i>Total</i>	9,7	9,6	10,1	10,1	10,2	9,8	9,2	7,9	9,3	± 1,2	28.400
Eigandi eða leigir frítt <i>Owner or rent free</i>	7,8	8,3	9,1	7,8	7,5	7,2	6,0	5,0	5,8	± 1,1	13.900
Leigjandi <i>Tenant</i>	23,1	18,7	17,3	25,5	26,3	22,1	22,0	19,0	22,4	± 3,8	14.400

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

Tafla 7. Lágtekjuhlutfall eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni
Table 7. At-risk-of-poverty rate by most frequent activity status and gender

										2013	
	Hlutfall <i>Rate</i>									Áætlaður fjöldi Vik- mörk <i>CI</i>	Esti- mated <i>number</i>
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013		
Heildarfjöldi <i>Total</i>											
Alls <i>Total</i>	9,4	8,8	9,3	9,5	9,9	8,7	8,2	6,9	8,1	± 1,0	17.700
Karlur <i>Males</i>	9,3	8,2	8,4	9,0	8,8	8,7	8,1	7,5	8,4	± 1,3	9.100
Konur <i>Females</i>	9,5	9,5	10,3	10,1	11,1	8,6	8,3	6,2	7,7	± 1,2	8.500
Starfandi <i>Employed</i>											
Alls <i>Total</i>	7,9	6,6	7,0	6,7	7,7	6,6	6,4	5,2	6,1	± 1,0	9.500
Karlur <i>Males</i>	8,5	6,9	6,9	6,9	7,4	6,8	6,4	5,4	6,1	± 1,3	4.900
Konur <i>Females</i>	7,3	6,2	7,1	6,4	8,0	6,5	6,5	5,0	6,1	± 1,3	4.500
Ekki í vinnu <i>Not at work</i>											
Alls <i>Total</i>	14,0	16,2	17,2	18,9	17,4	13,6	12,3	10,6	12,8	± 2,1	8.200
Karlur <i>Males</i>	12,7	14,0	15,3	18,1	14,7	13,9	12,6	13,1	15,1	± 3,3	4.200
Konur <i>Females</i>	14,9	17,6	18,5	19,5	19,4	13,3	12,0	8,5	11,0	± 2,5	4.000
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>											
Alls <i>Total</i>	26,1	13,8	20,6	25,1	29,3	25,5	21,8	20,0	29,6	± 7,4	2.600
Karlur <i>Males</i>	15,2	16,8	8,0	27,2	31,6	26,1	21,6	27,0	30,1	± 10,3	1.400
Konur <i>Females</i>	34,9	11,0	28,7	22,0	26,6	24,6	21,9	9,0	28,9	± 10,1	1.200
Á eftirlaunum <i>Retired</i>											
Alls <i>Total</i>	10,2	13,5	18,8	17,9	14,8	6,3	4,6	3,8	3,4	± 1,9	800
Karlur <i>Males</i>	8,7	11,2	13,3	11,5	6,7	1,9	1,4	2,8	3,3	± 2,5	400
Konur <i>Females</i>	11,4	15,4	23,2	22,6	20,7	10,0	7,4	4,7	3,6	± 2,5	500
Aðrir utan vinnu <i>Other inactive</i>											
Alls <i>Total</i>	16,6	18,7	15,5	19,5	18,5	14,5	14,1	11,6	15,4	± 3,2	4.800
Karlur <i>Males</i>	16,7	17,2	18,2	24,5	19,8	17,1	16,8	13,6	20,6	± 5,5	2.400
Konur <i>Females</i>	16,5	19,5	14,1	16,4	17,5	12,6	12,3	10,5	12,2	± 3,5	2.400

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

Hagtíðindi **Laun, tekjur og vinnumarkaður**
Statistical Series ***Wages, income and labour market***

99. árg. • 14. tbl.

ISSN 0019-1078

2014:5

ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Steinn Kári Steinsson • steinn.steinsson@hagstofa.is

Lárus Blöndal • larus.blondal@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series